

Fg. 20.5. 2022 kl. 15, með varamönnum, Skaftahlíð

Mættir: Reynir Tómas Geirsson, Magnús Karl Magnússon, Friðbert Sigurðsson, Már Kristjánsson.

Fjarverandi: Kristín Huld Haraldsdóttir (forfölluð) og Hrefna Þengilsdóttir.

Fundargerð: Selma Guðnadóttir.

Fundarefni: Varamenn eru boðaðir til að þeir séu upplýstir um starf nefndarinnar.

1) Rætt um “Almenn viðmið og leiðbeiningar um sérnám lækna á Íslandi („Gullbókin“)” og staða málsins kynnt af formanni. Þetta var þýtt og staðfært 2020 og samráð haft við formann FMRL, EL og fleiri um sumar og haust 2020. Þessari yfirferð lauk snemma árs 2021. Enn er verið að vinna með Gullbókina hjá FMRL. Ljóst að þessi ákvæði verða að hafa stoð í u.þ.b. einni setningu í nýrri reglugerð til að geta tekið gildi. Rætt hefur verið um af hálfu nefndar heilbrigðisráðuneytisins um reglugerðarbreytinguna að Gullbókin verði á forræði M & h. Breytingar á reglugerð taka mið af tillögum í skýrslu um sérnám lækna mönnun í heilbrigðiskerfinu frá maí 2020. Þar var m.a. rætt um aukið vægi m & h nefndar skv. Drögum að reglugerðarbreytingum og að forðast þarf hagsmunaárekstra milli m & h nefndarinnar og LSH. Ráðuneytið hefur tekið vel í tillögur um 5 aðalmenn og 2 varamenn, þ.e. aðalmenn 2 frá læknaeildinni og 2 frá læknafélaginu og ráðuneytið velur og skipar formann. Ráðuneytið mun útvega starfsmann og starfsaðstöðu. Rætt um mun á nefnd og ráði í lagalegum skilningi, en m & h má nú samkvæmt reglugerðinni bæði veita og taka brott leyfi fyrir marklýsingum og sérnámsstöðum. Þá var rætt um þörf á erlendum matsmönnum við gæðaúttektir m & h.

2) Staða reglugerðarbreytinga var svo kynnt. Nefnd um reglugerðarbreytingar hefur ekki lokið störfum og samráð við m & h verið takmarkað. Drög að minnisblaði til ráðherra eru í vinnslu, og í framhaldi af því er vænst reglugerðarbreytinga haustið 2022, sem aftur er forsenda þess að Gullbókin komist í gagnið. Varamenn samsinna því að tillaga um tilnefningu aðila frá FMRL og FAL mundi fela í sér hagsmunaárekstra og betra væri að þessir aðilar hefðu áheyrnarfulltrúa á fundum m & h þegar við á.

3) Rætt um sérnámsgrunnur lækna (fyrrum “kandídatsár”) og nauðsyn á að það standist erlendar kröfur.

4) Fjallað um viðurkenndar marklýsingar og sérnámsstaði. Verið er að leysa mönnunarvanda á mörgum stöðum með sérnámslæknum.

5) Önnur mál. Engin. Fundi slitið.